Snjóbrlæðslulagnir, yfirlitsmynd, mkv. 1.100

## Ýmis ákvæði

Efni í snjóbræðsluslöngum PPr plast og Ál-PEX lagnir í steyptum tröppum eða sambœrilegt efni, jafngott hvað snertir hita- og þrýstiþol og sveigju. Pípur og lokar skulu þola a.m.k. 60°C við 5 bar þrýsting í 50 ár með brotöryggi 1,5 (PN 10 staðall). Efnisþykkt skal þó ekki vera minni en 2,0 mm. Snjóbræðsluslöngur eru DN20 og DN15 mm.

Verktaki skal forðast samsetningar á slöngum. Þar sem þarf að tengja saman slöngur skal það gert með suðu. Ef suðusamsetningu verður ekki komið við skal setja slöngur saman með múffusamsetningum úr sama efni og slöngur (socket weld). Við niðurlagningu slangna skal gæta þess að fara eftir ákvæðum framleiðanda um beygjuradíus.

Festa þarf pípur með festispennum til að fá rétt bil á milli þeirra. Snjóbræðsluslöngur skulu lagðar eins og fram kemur á teikningum. Sveigja skal slöngur framhjá trjám, staurum, niðurföllum, skolpbrunnum, pollum og öðru þess háttar, þó það sé ekki sýnt á teikningum.

## Jarðvinna fyrir snjóbræðsluslöngur undir hellur

Slöngur eru lagðar í ílagnarsand. Eftir að búið er að þjappa og ganga frá burðarlagi í rétta hœð skal ganga úr skugga um að yfirborð sé slétt og steinalaust. Síðan eru slöngur lagðar og huldar í 60 mm sandlagi. Mjög mikilvægt er að sandlag ofan ó slöngum sé eins og þversniðsteikningar sýna, þar sem sandurinn er einangrandi efni og dregur úr afköstum snjóbræðslunnar. Gæta þarf þess vandlega að kröfum um þykkt ílagnarsands ofan á og undir umhverfis slöngur sé fylgt og þykkt sandlags yfir slöngum sé alls staðar innan leyfilegra marka. Sandurinn skal jafnaður og þjappaður í endanlega þykkt með 100-120 kg plötuþjöppu minnst 3 umferðir. Tryggja skal að sandurinn tapist ekki niður í neðri efnislög.
Sjá nánar teikningar frá burðarþolshönnuði.



VINNUTEIKNING
18. JÚNÍ 2010

| Nr. | Dags. | Breyting. | Samþ. |
|---|---|---|---|
| - | - | - | - |
| - | - | - | - |
| - | - | - | - |
| - | - | - | - |
| A | 07.06.2010 | Vinnuteikning | - |

| Frumstærð blaðs | Minnkað í mkv.1:2 | Mkv.: | Dags.: | Verk.nr.: | Teikn.nr.: |
|---|---|---|---|---|---|
| A:1 | A:3 | 1:100 | 16.04.2010 | VS079192 | P-402 |

| Hannað: | Teiknað: | Yfirf: |
|---|---|---|
| BIS | BIS | BG |


VERKFRÆÐISTOFA SUÐURNESJA
Víkurbraut 13, 230 Reykjanesbæ
Sími: 4 200 100, Fax: 4 200 111
Veffang: http://www.vss.is
Netfang: vs@vss.is


Gufubaðið Laugarvatni
Bláskógabyggð

Lagnir - Yfirlitsmynd
Snjóbræðslulagnir

Samþ: kt:090856-3249

Samræmingarhönnuður: